

SAMÞYKKT AÐ LOKNU NÁMSKEIDI Í STJÖRNUFRÆÐI

á vegum Félags menntaskólakennara í Reykjavík  
27. ágúst 1977

Stjörnufræði er ævafornt vísindi sem flestar menningarþjóðir mannkynssögunnar hafa haft í hávegum. Fáir Íslendingar hafa þó stundað þessi fræði jafnvel á síðari árum þrátt fyrir mikla menntunarsókn, og má ef til vill kenna skólum landsins um, því að áhugi almennings er varla minni en í öðrum löndum. Stjörnufræði var ekki á kennsluskrá Háskóla Íslands fyrr en á vormisseri 1976 (21.65 Stjarnfræði í Verkfræði- og raunvísindadeild). Í menntaskólum var stjörnufræði lengi kennd öllum nemendum að einhverju marki, en í breytingum síðustu ára hefur hún orðið útundan og er nú í námsefni lítils hluta stúdenta í flestum skólunum. Þetta er afturför því að þekking stjörnufræðinnar, sem á hverjum tíma er umgerð heimsmyndarinnar, hefur aukist mjög á síðustu árum.

Við álitum að stjörnufræði eigi að vera snar þáttur í almennri menntun og leggjum til að henni verði sem fyrst tryggður sess í kjarnanámsefni allra mennta- og fjölbrautaskóla í landinu með a.m.k. 2 námseiningum, en auk þess eigi nemendur kost á a.m.k. 2 eininga viðbótarnámi. Reglugerð er þessu ekki til fyrirstöðu því að í henni er stjörnufræði talin upp sem hluti af náttúruvísindum í kjarna.

Um leið og þessi tillaga nær fram að ganga, þarf m.a. að hugsa fyrir:

1. kennslubók á íslensku sem jafnframt á erindi til almennings. Bendum við á nýstofnað Félag raungreinakennara til að hafa forgöngu í samningu hennar og útgáfu.
2. öðrum kennslugögnum, t.d. ljósmyndum, kvikmyndum, stjörnukortum og stjörnuhnöttum.
3. tækjum til stjörnuskoðunar í hverjum skóla, t.d. 4 þumlunga linsusjónauka eða 8 þumlunga spegilsjónauka með ýmsum fylgihlutum.
4. meiri kennslu og rannsóknum í stjarnfræði við Háskóla Íslands þar sem verðandi kennarar fengju menntun.
5. vel búnu stjörnuleitum (observatorium) á heppilegum stað á landinu í tengslum við 4. Vísir að slíkur í í Valhúsaskóla á Seltjarnarnesi.
6. stjörnusál (planetarium) með himinsýningarvél til kennslu og almenningsfræðslu a.m.k. á einum stað á landinu.

Atriði 5 og 6 eru framtíðarmarkmið, en 1-4 teljum við hægt að framkvæma fljótt með litlum kostnaði.

# Námskeið í stjörnufræði í ágúst 1977

## Þátttakendur :

Anna Ingólfssdóttir (MA)  
Björn Búi Jónsson (MR)  
Davíð Þorsteinsson (ML)  
Einar H. Guðmundsson (MR)  
Gylfi Guðnason (MR)  
Halldór Halldórsson (MH)  
Hallgrímur Hróðmarsson (Flensburg)  
Jón Hafsteinn Jónsson (MA)  
Margrét Björnsdóttir (MH)  
Ragnar Ragnarsson (MA)  
Sigríður Hlíðar (MR)  
Stefán Briem (MH)  
Þorsteinn Gunnarsson (MK)  
Þórarinn Guðmundsson (MR)  
Þórir Sigurðsson (MS/MA)